

30.11.2011

Alþingi
Erindi nr. P 140/585
komudagur 30.11.2011

Áður en lengra er haldið er rétt að taka fram að mér finnst tillögur að nýrri stjórnarskrá að flestu leyti ef ekki öllu leyti til bóta. Knappur tími stjórnlagaráðs skýrir væntanlega mörg þau smáatriði sem má gera athugasemdir við.

Þau atriði sem ég hefði efnislega viljað sjá öðru vísi eru að

- a. Forsætisráðherra verði kosinn beinni kosningu
- b. Forseti skipi dómara
- c. Málfrelsi sé skýrar tryggt

Fyrri tveir liðirnir tryggja þrískiptingu valdsins mun betur en tillögur þær sem liggja fyrir.

Sá þriðji er mikilvægur fyrir opna og skilvirka umræðu.

Þá eru í nokkuð mörgum tilfellum atriði þar sem slípa mætti til orðalag betur. Í mörgum tilfellum er almenn yfirlýsing gefin og síðan dregin til baka í næstu setningu með undantekningum sem ekki eru alltaf nægilega vel skilgreindar. Það er væntanlega erfitt að komast hjá undantekningum en tuttugu og þrjú „nema“ og sextán „þó“ eru full mikið.

Þar fyrir utan vil ég nefna eftirfarandi atriði. Þau kunna að hljóma sem smámunasemi og jafnvel hártoganir. En það er talsvert mikilvægt að huga vel að orðalagi, eyða misskilningi og koma í veg fyrir mistúlkun.

- Í 2. grein segir að Alþingi fari með löggjafarvaldið í umboði þjóðarinnar en ekkert er getið um í hvers umboði framkvæmdarvald eða dómsvald er. Er ekki mikilvægt að skilgreina hvaðan allt vald er upprunnið?
- Í 6. grein segir tvisvar að konur og karla skuli jöfn að lögum. Þetta er ekki bara óþarfa mas í skjali sem ætti að vera hnitmiðað - heldur „gengisfellir“ þetta í raun önnur ákvæði um jafnrétti.
- 10. grein lýkur á „innan heimilis og utan“. Þetta er auðvitað marklaust og minnir á vörukynningar eins og „for indoor or outdoor use only“.
- Í 14. grein stendur „Hver og einn ber ábyrgð á framsetningu skoðana sinna fyrir dómi“ – á þetta ekki að vera „Hver og einn getur þurft að ábyrgjast skoðanir sínar fyrir dómi“. Er það eingöngu framsetningin sem getur verið vandamál? Og á þetta ekki eingöngu við ef einhver gerir kröfur um að skoðanir séu dregnar til baka?
- Aðalatriðið varðandi 14. grein er að þarna vantar skilgreiningu hvernig þessi ábyrgð virkar. Opin lífleg og ótakmörkuð umræða er mikilvæg og takmörkun á málfrelsi ætti að setja mjög þröngar og skýrar skorður – takmarkast við einbættan brotavilja og sannarlegar rangfærslur og mælanlegan beinan skaða.
- Og ekki má gleyma mikilvægu atriði varðandi málfrelsi. Aldrei verði heimilt að höfða mál fyrir dómi nema viðkomandi hafi verið bent á rangfærslur, gefinn hafi verið kostur á að draga ummæli til baka á sama vettvangi að kostnaðarlausu og viðkomandi hafi ekki orðið við þeirri beiðni.
- Í 22. grein segir „...svo sem vegna atvinnuleysis, barneigna, elli, fátæktar, fötlunar, veikinda, örorku eða sambærilegra aðstæðna“. Er þetta ekki óþarfa upptalning? Stendur ekki greinin vel án þess?
- Í 25. grein segir „Öllum skal tryggður réttur til sanngjarnra launa“, sem hljómar vel, en erfitt er að sjá hver á að tryggja þennan rétt og hver metur hvað eru sanngjörn laun.

- Í 34. grein segir „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar“. Er þarna átt við þær auðlindir sem ekki eru þegar í einkaeign. Eða er aðeins verið að segja að auðlindir séu annað hvort í einkaeign eða sameiginleg eign? Eitthvað eins og allir bókstafir sem ekki eru samhljóðar eru sérhljóðar?
- Í 39. grein segir að þjóðkjörnir fulltrúar á Alþingi séu 63. Er ekki óþarfi að festa töluna í stjórnarskrá og einfaldara að miðað við hlutfall kjósenda, til dæmis að einn fulltrúi skuli sitja á Alþingi fyrir hverja 3.500 (4.000) kjósendur á kjörskrá?
- Í 41. grein segir að lögheimili sé skilyrði kosningaréttar, nema annað sé samþykkt í lögum og síðan að nánari reglur skuli settar í lögum. Er ekki nægjanlegt að segja að skilyrði kosningaréttar sé ákveðið í lögum?
- Í 42. grein er talað um „óflekkað mannorð“, þarf ekki að skilgreina það frekar?
- Í 59. grein um ályktunarbærni að aðeins sé hægt að samþykkja mál ef meira en helmingur þingmanna taki þátt í atkvæðagreiðslu. Þarf ekki sambærileg viðmið um afgreiðslu laga?
- Í 65. grein segir að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram innan árs, er það ekki allt of langur tími?
- Í 86. grein er takmörkun við að ráðherra sitji lengur en 8 ár í sama ráðherra embætti. Er þetta ekki frekar tilgangslaust og býður upp á málamynda tilfærslur til skamms tíma?
- Í 90. grein segir að ráðherrar skuli ekki vera fleiri en 10, má ekki binda þetta hlutfalli kjósenda eða þingmanna svo ekki þurfi að breyta stjórnarskrá til að lagfæra smáatriði í framtíðinni?
- Í 104. grein segir að ríkissaksóknari skuli einungis fara eftir lögum. Er ekki óþarfi að taka þetta sérstaklega fram um ríkissaksóknara (og dómara)? Þyrfti ekki í það minnsta að nefna þetta vegna allra embætta?

Bestu kveðjur / Best wishes,

Valgarður Guðjónsson

Kaldaseli 13

109 Reykjavík

Sími +354 896 0288